

Nefndarsvið Alþingis B.t. Eiríkur Áki Eggertsson Austurstræti 8-10 150 Reykjavík

Reykjavík, 27. maí, 2009

Efni: Umsögn FÍS um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja.

#### I. Almennt

Vísað er til erindis háttvirtar Efnahags- og skattanefndar Alþingis dagsett 22. maí 2009 þar sem óskað er umsagnar FÍS um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja.

FÍS telur að tilgangur frumvarpsins sé virðingarverður og tekur undir að mikilvægt sé að koma í veg fyrir að þjóðhagslega mikilvægur rekstur raskist eða leggist af. Þá er einnig mikilvægt að gæta þess að nýju bankarnir beri ekki of mikla áhættu og að álag á þeim sé takmarkað eins mikið og hægt er. FÍS bendir hins vegar á að umfjöllun um raunverulegan tilgang frumvarpsins er óljós. Auk þess er nokkuð handahófskennt hvað felist í hugtakinu þjóðhagslega mikilvægt.

# II. Ábendingar

## Almennt - hver er tilgangur frumvarpsins?

Tilgangur frumvarpsins er nokkuð óljós. Eftir því sem næst verður komist er frumvarpinu annað hvort ætlað að halda grunnþáttum í innviðum samfélagsins gangandi eða þá að draga úr áhættu og álagi á nýju bankanna. Það er hins vegar ekki ljóst hvort er reyndin.

# Tilgangurinn og meðalið verða að passa saman

FÍS vekur athygli á því að hér er um að ræða tvo aðgreind verkefni sem ekki verða leyst með sömu aðferðinni. Ef markmiðið er að halda ákveðnum rekstri gangandi vegna þjóðhagslegs mikilvægis hans er það reksturinn sem slíkur sem skiptir máli en ekki félagið sem stundar hann. Ef markmiðið er hins vegar að takmarka áhættu bankanna og álag á þá eru það félögin sjálf sem taka þarf yfir.



#### III. Viðhald á þjóðhagslega mikilvægum þáttum

Ef ætlunin er að halda mikilvægum þáttum í samfélaginu gangandi er ljóst að óheppilegt og óþarft er að gera slíkt með yfirtöku á gjaldþrota félögum. Í gjaldþrota félagi eru skuldir meiri en eignir og ekki útlit fyrir að breytingar verði þar á. Kaup á gjaldþrotafélögum eru því eðli málsins samkvæmt ekki mjög heppileg.

### Hvað gerist án inngrips hins opinbera?

Um áraraðir hafa félög orðið gjaldþrota hér á landi án teljandi vandkvæða. Íslenskur skiptaréttur hefur mótast um áraraðir og eru reglur hans nokkuð skýrar. Ef félög eru í heilbrigðum rekstri er það í flestum tilfellum þannig að rekstur umræddra félaga heldur áfram þrátt fyrir að þau séu tekin til skipta. Umræddur rekstur er svo alla jafna seldur út úr þrotabúinu og andvirði sölunnar kemur til skipta milli kröfuhafa. Umræddur rekstur heldur svo áfram í höndum nýrra eigenda. Í ljósi þess að sá rekstur sem hér um ræðir er þjóðhagslega mikilvægur verður að telja að í honum séu fólgin ákveðin verðmæti. Það má því álykta sem svo að rekstrinum yrði haldið áfram af skiptastjóra viðkomandi þrotabús.

#### Tillögur

Sé markmið frumvarpsins að halda þjóðhagslega mikilvægum rekstri gangandi telur FÍS því réttara að heimila hinu opinbera félagi að kaupa viðkomandi rekstur af þrotabúum en ekki að yfirtaka hið gjaldþrota félag í heild sinni.

Ef markmið frumvarpsins er að tryggja að þjóðhagslega mikilvægur rekstur leggist ekki af leggur FÍS fram eftirfarandi hugmynd að nýrri 1. gr. frumvarpsins:

"Fjármálaráðherra er heimilt að stofna opinbert hlutafélag sem hefur það hlutverk að kaupa, eiga, endurskipuleggja og selja þjóðhagslega mikilvægan rekstur sem raunveruleg ef hætta er á að leggist af án aðkomu félagsins."

## IV. Að takmarka áhættu og álag á nýju bankanna

Það er ljóst af athugasemdum frumvarpsins að talið er að eignarhaldsfélög nýju bankanna búi nú þegar yfir vinnuferlum og getu til þess að fást við vel flest mál er lúta að endurskipulagningu fyrirtækja. Margt bendir því til þess að eitt aðalmarkmið frumvarpsins sé að takmarka áhættu og álag á nýju bönkunum, þegar um er að ræða mál af þeirri stærðargráðu sem gætu valdið miklu höggi á efnahagsreikninga nýju bankanna. Slíkt getur auðvitað talist eðlilegt og mun það takmarka umfang hins nýja félags.



# V. Vinnureglur hins nýja félags og eignarhaldsfélaga á vegum ríkisbankanna

FÍS leggur áherslu á að vinnureglur og –ferlar hjá hinu nýja félagi verði skýrir og tryggi jafnræði meðal aðila og að gagnsæi ríki í upplýsingagjöf. Það er einkar mikilvægt að tekið sé tillit til neðangreindra atriða í þessu sambandi.

- 1) Mikilvægt er að tryggja skýran aðskilnað á eignarhaldi fyrirtækja og almennri bankastarfsemi
- 2) Tryggja þarf að aðgerðir hins nýja félags skaði ekki samkeppni á markaði. Er þetta sérstaklega mikilvægt, enda er um íhlutun ríkisins að ræða. FÍS fagnar aukinni áherslu á samkeppnismál í frumvarpinu.
- 3) Gagnsæi í ferli frá kaupum fyrirtækja alla leið til sölu er mikilvægt. Huga þarf sérstaklega að jafnræðissjónarmiðum þegar fyrirtæki og/eða rekstur er seldur.
- 4) Mikilvægt er að tryggja jafnræði á meðal kröfuhafa, eins og lög og reglur á því sviði kveða á um.

FÍS vill árétta mikilvægi þess að ofangreind atriði verði höfð að leiðarljósi í starfsemi þeirra eignarhaldsfélaga sem nýju bankarnir hafa stofnað til.

#### VI. Annað

Að lokum áskilur FÍS sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Páll Rúnar Mikael Kristjánsson hdl. Lögfræðingur Félags íslenskra stórkaupmanna

FS - fyrir íslenska verslun

This document was created with Win2PDF available at <a href="http://www.daneprairie.com">http://www.daneprairie.com</a>. The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.